



## 18. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 24. janúar 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Fundargerð 739. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. desember 2006.
2. Boðsbréf frá Bjarna Stefánssyni, sýslumanni, dagsett 19. janúar 2007.
3. Bréf Samgönguráðs vegna fundaraðar um samgöngumál.
4. Málefni Atvinnuþróunar SSNV. Haukur Suska-Garðarsson starfsmaður SSNV mætir til fundarins.
5. Viðræður við Lárus B. Jónsson um möguleg kaup Búrfjalla ehf. á félagslegum íbúðum í eigu Blönduóssbæjar.
6. Skýrsla Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt landshluta 1998 – 2004.
7. Afskrift skulda.
8. Álagning sorpgjalda 2007.
9. Tillaga um breytingu á gjalddögum fasteignagjalda.
10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni, dagsett 6. janúar 2007.
11. Samningsdrög milli Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og sveitarfélaga.
12. Málefni Norðurár bs. og bréf frá Gunnari Braga Sveinssyni dagsett 20. september 2006.
13. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Fundargerð 739. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. desember 2006.  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
2. Boðsbréf frá Bjarna Sefánssyni, sýslumanni, dagsett 19. janúar 2007.  
*Með bréfinu er bæjarstjórn boðið til formlegrar opunar Innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar að Hnjúkabyggð 33.*
3. Bréf Samgönguráðs vegna fundaraðar um samgöngumál.  
*Bréfið lagt fram til kynningar.*
4. Málefni Atvinnuþróunar SSNV. Haukur Suska-Garðarsson starfsmaður SSNV mætir til fundarins.  
*Haukur svaraði spurningum fundarmanna um Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og stöðu mála á þeim vettvangi. Einnig lýsti hann gangi mála varðandi einstök verkefni atvinnuráðgjafa SSNV. Allmiklar umræður urðu um þessi málefni. Haukur vék af fundi að loknum þessum lið.*
5. Viðræður við Lárus B. Jónsson um möguleg kaup Búrfjalla ehf. á félagslegum íbúðum í eigu Blönduóssbæjar.



*Lárus lýsti aðdraganda málsins, skýrði hugmyndir sínar og kvaðst tilbúinn að skoða málið frá öllum hliðum. Lárus vék af fundi að loknum þessum lið.*

**6. Skýrsla Byggðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um hagvöxt landshluta 1998 – 2004.**

*Bæjarráð lýsir yfir áhyggjum sínum vegna stöðu mála eins og hún er kynnt í skýrslunni. Í því ljósi skorar bæjarráð á stjórnvöld að grípa til raunhæfra aðgerða til að rétta hlut svæðisins t.d. með að efla enn frekar þann vaxtarsamning sem verið er að gera á svæðinu.*

**7. Afskrift skulda.**

*Bæjarráð samþykkir samhljóða að afskrifa tiltekna skuldir aðilans sem um ræðir að upphæð kr. 139.139.- skv. fyrirbyggjandi gögnum þar um.*

**8. Álagning sorpgjalda 2007.**

*Hulda Ragnheiður Árnadóttir kom á fundinn og sat hann til loka. Lagður var fram listi þar sem rekstaraðilum í Blönduósbæ er skipað í gjaldflokka. Listinn var samþykktur samhljóða með fyrirvara um þrjár lítilsháttar breytingar.*

**9. Tillaga um breytingu á gjalddögum fasteignagjalda.**

*Hulda Ragnheiður kynnti ástæður frestunar sem eru fyrst og fremst kerfisbreytingar hjá Fasteignamati ríkisins. Tillagan samþykkt samhljóða.*

**10. Bréf frá Jónasi Skaftasyni, dagsett 6. janúar 2007.**

*Valgarður Hilmarsson vék af fundi undir þessum lið vegna skyldleika við málið. Bréfið lagt fram til kynningar og bæjarstjóra falið að tilkynna bréfitara að málið hafi verið kynnt í bæjarráði.*

**11. Samningsdrög milli Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og sveitarfélaga .**

*Drögin kynnt og bæjarstjóra falið að kanna stöðu mála betur.*

**12. Málefni Norðurár bs. og bréf frá Gunnari Braga Sveinssyni dagsett 20. september 2006.**

*Bæjarráð samþykkir að ítreka fyrri erindi.*

**13. Önnur mál.**

*Lögð voru fram drög að samþykkt um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ. Samþykktin kæmi í stað reglugerðar um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Blönduóssbæ frá 2001. Afgreiðslu frestað til næsta fundar en bæjarráð felur bæjarstjóra að leita umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirbyggjandi drög að samþykkt.*

*Valgarður kynnti bréf frá Lögmannsstofu Inga Tryggvasonar frá 10. og 23. janúar 2007.*

*Ágúst Þór Bragason lagði fram eftirfarandi tillögu: “D-listinn leggur til að haldinn verði íbúafundur þar sem bæjarstjórn kynnir framkvæmdir sem ráðist verður í samkvæmt fjárhagsáætlun 2007, svo sem viðbyggingu við leikskóla og byggingu sundlaugar. Jafnframt verði kynntar breytingar á rekstri einstakra málafokka svo sem í sorphirðu og atvinnumálum. Fundurinn verði haldinn í Félagsheimilinu fyrir 1. mars n.k. með þátttöku allra bæjarfulltrúa. Tilgangur fundarins er að gefa bæjarbúum tækifæri til*



þátttöku í opinni umræðu um verkefni og framkvæmdir sveitarfélagsins". Undir tillöguna ritar Ágúst Þór Bragason.

Tillagan samþykkt samhljóða.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Valgarður Hilmarsson (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

**Fundi slitið kl. 18:45 .**

Einar Kolbeinsson (sign.)